



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

SINFÓNÍAN Á

# MYRKUM MÚSÍK DÖGUM

31. JANÚAR  
2019

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikarnir eru einnig teknir upp í mynd af Sýrlandi.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Upphaflega stóð til að Ungsveit SÍ og Kór LHÍ myndu flytja verkið HandsFree eftir Önnu Meredith á tónleikunum en vegna óviðráðanlegra aðstæðna verður ekki af því.

### Áætluð tímalengd verka:

Lendh: 12'

Oceans: 10'

Flutter: 18'

Crevace: 18'

Metacosmos: 14'

## MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Tónleikarnir eru á dagskrá Myrkra músíkdaga.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**

Icelandair Hotels



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# MYRKIR MÚSÍKDAGAR 2019

---

**Daníel Bjarnason**

hljómsveitarstjóri

---

**Mario Caroli**

einleikari

---

**Hallfríður Ólafsdóttir**

einleikari

---

**Martin Kuuskmann**

einleikari

---

---

**EFNISSKRÁ**

Veronique Vaka

**Lendh** (2018, frumflutningur)

María Huld Markan Sigfúsdóttir

**Oceans** (2018, frumflutningur)

Puríður Jónsdóttir

**Flutter, flautukonsert** (2008)

*Í minningu Oliviers Messiaen:*

L'âme en bourgeon (Sálin í bruminu) –

Timbro verde mare (Sægrænn hljómbær) –

Dans le flanc du roc (Í síðu steinsins) –

Le timbre des ailes (Hljómbær vængja)

**HLÉ**

Páll Ragnar Pálsson

**Crevace** (2016, frumflutningur)

Anna Þorvaldsdóttir

**Metacosmos** (2018, frumflutningur á Íslandi)

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)

---



---

# DANÍEL BJARNASON

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**D**aníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann hefur gefið út fjórar plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012), *Over Light Earth* (2013) og *Collider* (2018).

Meðal nýlegra stórra verka Daníels má nefna óperuna *Brothers* sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík í júní 2018, og nýjan fiðlukonsert sem pantaður var af Fílharmóníusveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Konsertinn verður fluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í febrúar næstkomandi. Daníel var staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2015–2018 og starfar áfram náð með hljómsveitinni. Daníel hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín og hlaut fyrir í mánuðinum Íslensku bjartsýnisverðlaunin.



---

# MARIO CAROLI

## EINLEIKARI

Ítalski flautuleikarinn Mario Caroli hóf flautunám 14 ára gamall og útskrifaðist með diplómapróf fimm árum síðar. Hann hefur átt glæstan feril sem einn eftirtektarverðasti flautuleikari sinnar kynslóðar og á efnisskrám sínum blandar hann saman tónlist frá ólíkum tímum, til dæmis eftir franska barokktónskáldið Marin Marais og breska framúrstefnutónsmeiðinn Brian Ferneyhough. Einn helsti áhrifavaldur á leik Caroli var flautusnillingurinn Manuela Wiesler sem var Íslendingum að góðu kunn. Hún ritaði honum þessar línur eftir flutning hans á flautuverkum eftir Jolivet: „Ég var djúpt snortin af túlkun þinni. Þú nærð til kjarna tónlistarinnar, innstu miðju sköpunarinnar, þar sem aðrir hljóðfæraleikarar láta sér nægja að sýna yfirborðið.“

Caroli kemur reglulega fram í helstu tónleikasölum heims, m.a. Fílharmoníunni í Berlín, Concertgebouw í Amsterdam, Royal Festival Hall í Lundúnum og Lincoln Center í New York. Hann hefur unnið með stjórnendum á borð við Pierre Boulez, Peter Eötvös og Heinz Holliger, og hefur hljóðritað yfir 20 geisladiska. Hann var Fromm-gestakennari við Harvard-háskólann skólaárið 2007–08, og hefur einnig verið gestakennari meðal annars við Sibeliusar-akademíuna og tónlistarháskólana í París, Leipzig og Genf.



---

# HALLFRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

## EINLEIKARI

**H**allfríður Ólafsdóttir er leiðandi flautuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún nam tónlist á Íslandi, í Lundúnum og í París. Hún er stofnandi kammerhópsins Camerartica, sinnir uppfræðslu ungs tónlistarfólks af ákafa, og hún leikur reglulega einleikskonserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hallfríður er höfundur og listrænn stjórnandi fræðsluverkefnisins um Maxímús Músíkús og hafa metsölubækurnar um músikölsku músina verið gefnar út og fluttar á tónleikum sinfóníuhljómsveita víða um heim.

Hallfríður hefur á síðustu misserum sinnt hljómsveitarstjórn í auknum mæli og hefur stjórnað tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands auk þess að hafa stjórnað ýmsum minni hópum á borð við Íslenska flautukórinn og Hnúkaþey, sérstaklega í flutningi samtímatónlistar. Árið 2002 var Hallfríði veitt heiðursnafnbótin Associate of the Royal Academy of Music í London. Vorið 2003 hlaut hún titilinn Bæjarlistamaður Garðabæjar og fyrir frumkvöðlastarf sitt í þágu tónlistarfræðslu hlaut Hallfríður riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2014.



---

# MARTIN KUUSKMANN

## EINLEIKARI

**E**istneski fagottsnillingurinn Martin Kuuskmann er talinn meðal fremstu flytjenda á hljóðfæri sitt í heiminum í dag. Hann hóf hljóðfæranám í Tallinn en stundaði framhaldsnám við Manhattan School of Music og Yale-háskólann í Bandaríkjunum. Hann hefur þrívægis hlotið tilnefningu til Grammy-verðlauna og hefur starfað með hljómsveitum á borð við Eistnesku Þjóðarhljómsveitina, Kammerhljómsveitina í Tallinn og St. Lukes-kammersveitina. Hann hefur frumflutt 11 fagottkonserta eftir mörg helstu tónskáld samtímans, m.a. Erkki-Sven Tüür, Christopher Theofanidis og Tõnu Kõrvits. Hann hefur komið fram sem einleikari í Carnegie Hall og var valinn til að leika *Sequenza XII* eftir Luciano Berio á tónleikum Fílharmóníusveitarinnar í New York árið 2008.

Kuuskmann hefur frá árinu 2008 verið fyrsti fagottleikari Eistnesku Þjóðarhljómsveitarinnar undir stjórn Paavo Järvi. Hann leikur kammertónlist m.a. með píanistanum Kirill Gerstein sem er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur. Hann hlaut tilnefningu til Grammy-verðlauna árið 2007 fyrir hljóðritun sína á fagottkonsert eftir David Chesky. Kuuskmann hefur kennt við Manhattan School of Music og gegnir nú prófessorsstöðu við University of Denver, auk þess að halda meistaranámskeið víða um heim.



# VERONIQUE VAKA

## LENDH

**V**eronique Vaka (f. 1986) er sellóleikari og tónskáld, fædd í Kanada en búsett á Íslandi. Hún lagði stund á klassískan sellóleik og lærði raftónsmíðar við háskólann í Montréal. Veronique lauk nýverið meistaranámi í tónsmíðum við Lista-háskóla Íslands undir leiðsögn Páls Ragnars Pálssonar og Þuríðar Jónsdóttur. Veronique hóf að nálgast tónlistarsköpun sína á sértækari hátt þegar hún vann að verkefni sem nefnist *From Landscape to Music Notation*. Markmið þess er að skapa nokkurs konar ljóðrænt samband milli þess sem hún sér, heyrir og fynnur fyrir í óspilltri náttúrunni, og sameina í tónverk. Tónsmíðastíl hennar má lýsa sem lífrænum og sjálfsprottum, með áherslu á smáatriði eins og í takti og hrynjandi, áferð og tónblæ. Veronique hefur m.a. samið verk fyrir Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Ensemble paramirabo, Duo Harpverk, Ensemble Adapter, Caput og Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hluti af verkefninu YRKJA III.

Veronique segir um hið nýja verk sitt: „Þetta tónverk er tjáning þess sem ég sé, heyrir og upplifi í óspilltri náttúru; ljóðrænt flæði skynjunar. Innblásturinn var jarðhitasvæðið í Krýsuvík. Ég greindi jarð- og landfræðileg einkenni svæðisins og umbreytti landslaginu eins og ég skynjaði það yfir í nótnaskrift. Úr þessari grunnmynd spruttu edlisþættir tónsmíðarinnar.“

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður flutt verk eftir Veronique Vöku, Rift á uppskerutónleikum Yrkju á Myrkum músikdögum í janúar 2018.





# MARÍA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR

## OCEANS

**M**aría Huld Markan Sigfúsdóttir (f. 1980) fíðluleikari og tónskáld hefur farið um víðan völl tónlistarinnar. Hún útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2000 og frá Listaháskóla Íslands með BA-gráðu í tónsmíðum árið 2007. Auk þess að sinna tónsmíðum hefur hún verið meðlimur í hljómsveitinni amiinu til margra ára og með henni ferðast heimshorna á milli og flutt tónlist í ýmsum myndum. María Huld hefur á undanförunum árum unnið með hinum ýmsu listamönnum og hljómsveitum, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands, Nordic Affect, London Sinfonietta, Francesco Scavetta, Yann Tiersen, Guy Maddin, Ben Frost, Aono Jikken Ensemble, Sigur Rós, Ragnari Kjartanssýni og Sólstöfum. Árið 2012 hlaut María viðurkenningu frá alþjóðlega tónskáldapinginu (International Rostrum of Composers) fyrir verk sitt, *Sleeping Pendulum*. Upptökur af verkum hennar hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda, og má þar sérstaklega nefna plötuna *Clockworking* sem kom út á árinu 2015 á vegum Sono Luminus-útgáfunnar og hefur að geyma tvö tónverk Maríu Huldar í flutningi tónlistarhópsins Nordic Affect. Einnig hefur María samið tónlist við kvikmyndir og dansverk og hafa tónsmíðar hennar verið fluttar á Íslandi, Bandaríkjunum og Evrópu.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur á hinu nýja verki Maríu Huldar, en áður hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutt tvö verk hennar, 1001 – for bowed metal og Aequora. Hið síðarnefnda hljómaði bæði á Tectonics-tónlistarhátíðinni í apríl 2016 og á áskriftartónleikum sama haust, og var auk þess hljóðritað til útgáfu á vegum Sono Luminus undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Leiðir Maríu Huldar og Sí lágu raunar fyrst saman í Háskólabíói árið 2000 þegar hún lék einleik á fíðlu í Poème eftir Ernest Chausson á útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík.

María Huld segir um verk sitt: „Verkið *Oceans* var samið á haustmánuðum á eyju í miðju Norður-Atlantshafi, nánar tiltekið á suðvesturhorni Íslands. Nafn verksins tengist tónefni þess ekki á beinan hátt en nafnið kom til snemma á ferlinu. Við nánari athugun má samt segja að nafnið sé viðeigandi; þegar það var samið var mér mikið hugsað til úthafanna, ástands þeirra og alls plastruslsins sem velkist þar um og myndar sumstaðar eyjur mun stærri en þá sem ég bý á. Einnig fannst mér á stundum að verkið hefði tekið á sig sjálfstæða tilverumynd og ég hefði ekkert um framvindu þess að segja – mér fannst ég velkjast um á opnu hafi og ekki sjá til lands. Hugmyndir, stef og mótvív rak til mín með haustlægdunum, þær bönkuðu uppá og kröfðust áheyrnar.“



# ÞURÍÐUR JÓNSDÓTTIR

## FLUTTER

**Þ**uríður Jónsdóttir (f. 1967) nam flautuleik og tónsmíðar við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðar við Konservatoríð í Bologna á Ítalíu þar sem hún lauk diplómagráðu í flautuleik, tónsmíðum og raftónlist. Einnig hefur hún sótt námskeið hjá Franco Donatoni hjá Accademia Chigiana í Siena og Alessandro Solbiati hjá Accademia di Novara á Ítalíu. Verk eftir Þuríði hafa verið pöntuð og flutt af ýmsum tónlistarhópum og flutt á hátíðum eins og Présences í París, Klang í Kaupmannahöfn, á Norrænum músikdögum, ISCM og New Directions. Verk hennar hafa verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna og til Tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs 2006, 2010 og 2012.

*Flutter* er samið í minningu Oliviers Messiaen og var pantað af Ríkisútvarpinu í tilefni af 100 ára fæðingarafmæli hans. Verkið er í fjórum þáttum sem renna saman og mynda eina stóra heild. Þuríði fallast svo orð um tónsmíðina: „Í verkinu leika með hljómveitinni engisprettur og krybbur frá meginlandi Evrópu. Flókt leðurkenndra þengja þeirra myndar kontrapunkt við flautuleikinn í forgrunni verksins. Fjórir kaflar verksins mynda eina atburðarás og er fyrsti þátturinn, „Sálin í bruminu“ þeirra lengstur. Heiti hans, sem og heiti 3. þáttar, „Í síðu steinsins“ er fengið að láni úr ljóðaflokknum *L'âme en bourgeon* eftir Cécile Sauvage, móður Oliviers Messiaen. Í þessum ljóðum sem hún semur til ófæddes sonar síns segir hún fyrir um örlög hans sem tónlistarmanns, ást hans á náttúruhljóðum og framandi menningarheimum. „Ég varð fyrir mikilvægustu áhrifum lífs míns á fósturskeiði“ segir Messiaen á einum stað og vísar þar til ljóðaflokks móður sinnar.“

„Ég valdi nótuna H sem grunntón verksins, en það er dýpsti tónn flautunnar. Hljómaefnið er fengið úr hinni náttúrulegu tónaröð, eða hljóðrófi, sem tónninn myndar og þróast í meginatriðum þannig að hljóðrófið er dekket eða lýst. Það var skemmtileg uppgötvun og nánast dularfullt þegar ég komst að því að nafn Messiaen féll nákvæmlega inn í grunnhljóm verksins: m-Es-Si-A-E-n. Þess má geta að í verkinu eru tilvitnanir í *Le merle noir* eða Svartþröstinn eftir Messiaen frá árinu 1952, eitt mikilvægasta verk flautubókmenntanna.“

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómveit Íslands frumflutti flautukonsertinn *Flutter* í febrúar 2009, á tónleikum sem tileinkaðir voru Olivier Messiaen, en hann hefði orðið 100 ára í desember 2008. Mario Caroli lék einleik og Rumon Gamba stjórnaði, en á efnisskránni var einnig Turangalíla-sinfónía Messiaens. Sinfóníuhljómveit Íslands hefur einnig leikið annað verk Þuríðar, *Flow and Fusion*, nokkrum sinnum, fyrst árið 2004.



# PÁLL RAGNAR PÁLSSON

## CREVACE

**P**áll Ragnar Pálsson (f. 1977) lauk doktorsnámi í tónsmíðum frá Eistnesku tónlistarakadéminni í Tallinn árið 2014 en áður hafði hann numið við Listaháskóla Íslands, auk þess sem hann lék um árabíl með rokkhljómsveitinni Maus. Á fjölbreyttum verkalista hans eru kammverker, kórtónlist og hljómsveitarverker auk útsetninga fyrir hljómsveit. Fiðlukonsert Páls, *Nostalgia*, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2013 og samnefnd plata kom út sumarið 2017. Sellókonsertinn *Quake*, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti á Myrkum músíkdögum 2018, hlaut aðalverðlaun á alþjóðlega tónskáldþinginu (International Rostrum of Composers) í Búdapest síðastliðið vor. Páll Ragnar kennir tónsmíðar við Listaháskóla Íslands og er í stjórn Tónskáldafélags Íslands.

Páll Ragnar segir um konsertinn *Crevace*: „Haustið 2015 var ég viðstaddur jöklamælingar í Austur-Skaftafellssýslu þar sem bróðir minn hefur í allnokkur ár mælt framgang eða hop jöklanna. Amma okkar í móðurætt fæddist í Suðursveit og við ólumst upp við sögur af lífinu á þessari litlu landræmu milli jökuls og sjávar; því hefur staðurinn tilfinningalegt gildi innan fjölskyldunnar. Í mælingunni kom fram, eins og mátti búast við, að líkt og undangengin ár höfðu jöklarnir hopað. Jörðin gengur nú í gegnum hröðustu hitabreytingar sem orðið hafa síðustu 1000 árin og alls óvíst hvert stefnir í þeim málum, hlýnunin er fordæmalaus. Hugsanir um hækkandi hitastig jarðar, bráðnun jökla og orkuna sem losnar úr læðingi, þessar óskiljanlegu stærðir sem mannkynið þarf að kljást við á næstunni, í bland við persónulegar hugleiðingar um líf forfeðra minna á suðausturhorni landsins og náttúrunnar þar, voru mér innblástur að verkinu.“

„*Crevace* er gamalt franskt orð yfir jökulsprungu. Mér fannst það eiga vel við inntak verksins og minna á að jöklarnir hafa fylgt mannkyninu alla tíð. Þeir gliðna svo sannarlega þessa dagana, landsvæðið á suðausturhorninu rís um fjórtán millimetra á ári vegna þungans sem losnar við bráðnun jöklanna. Lýsingar vísindamanna verða allt að því ljóðrænar í þessu gríðarstóra samhengi. Þegar ísinn á jöklinum hefur þynnst svo mikið að hann skriður ekki lengur undan eigin þunga er talað um að jökullinn sé dauður. Í gegnum lög jöklanna má svo ekki aðeins lesa árin, líkt og með hringi í trjám, heldur er ísinn mynd af tíðinni á hverju ári. Þar má lesa hvernig síðustu nokkur ár og mánuðir hafa verið. Jöklamenn kalla þetta *minni*. Því má segja að jökullinn muni, hann hreyfi sig, gefi frá sér hljóð, lifi og deyri.“

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt tvö verk eftir Pál Ragnar Pálsson. Fiðlukonsertinn *Nostalgia* hljómaði í flutningi Unu Sveinbjarnardóttur á Myrkum músíkdögum 2013, og Sæunn Þorsteinsdóttir lék *Quake* fyrir selló og hljómsveit á Myrkum músíkdögum 2018. Bæði verkin voru síðan hljóðrituð, *Nostalgia* kom út á samnefndum hljómdiski árið 2017 en *Quake* er væntanlegt á nýjum diskum Sinfóníunnar hjá bandaríska forlaginu Sono Luminus síðar á þessu ári. Einleikarar kvöldsins þöntuðu tvíkonsertinn eftir farsælt samstarf við tónskáldið á tónlistarhátíð í Þýskalandi 2012.



# ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

## METACOSMOS

**A**nna Þorvaldsdóttir (f. 1977) er eitt kunnasta tónskáld Íslands um þessar mundir. Verk hennar hafa komið út á hljómdiskum hjá Deutsche Grammophon og Sono Luminus, og hún hefur samið m.a. fyrir Ensemble Intercontemporain, The International Contemporary Ensemble (ICE) og The Crossing Choir. Hún hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012 fyrir verk sitt *Dreymi*, sem var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Anna er nú staðartónskáld SÍ og gegnir margþættu hlutverki í starfi hljómsveitarinnar. Hún situr í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar og er í forsvari fyrir tónskáldastofuna Yrkju, sem er samstarfsverkefni Sinfóníunnar og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og miðar að því að veita ungum tónskáldum reynslu í að semja fyrir sinfóníuhljómsveit.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur á Íslandi á verki Önnu Þorvaldsdóttur. Áður hefur Sinfóníuhljómsveitin flutt allnokkur verka hennar bæði innanlands og utan, m.a. Aeriality og Dreymi, sem bæði hafa einnig komið út í hljóðritun hljómsveitarinnar. Þá flutti Sinfónían verkið *Ad genua* ásamt Schola cantorum á hátíðardagskrá vegna 100 ára fullveldis Íslands 1. desember 2018, og í mars næstkomandi verður á efnisskrá hljómsveitarinnar verkið *Illumine* fyrir strengi.

Anna hlaut hin virtu Kravis Emerging Composer Award hjá Fílharmóníusveit New York-borgar og verkið sem hljómar í kvöld, *Metacosmos*, varð einmitt til sem hluti þeirrar viðurkenningar. Fílharmóníusveit New York pantaði verkið og var það frumflutt í apríl 2018 undir stjórn Esa-Pekka Salonen. Verkið hlaut frábæra dóma og má segja að sigurför þess um heiminn sé þegar hafin. Í síðustu viku lék Fílharmóníusveit Berlínar *Metacosmos* undir stjórn Alans Gilbert og Sinfóníuhljómsveit San Francisco lék verkið undir stjórn Esa-Pekka Salonen í vikunni á undan, og á morgun verður það flutt bæði á tónleikum Fílharmóníusveitar Helsinki undir stjórn Peters Rundel sem og á árlegri samtímatónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitarinnar í Winnipeg undir stjórn Daniels Raískin.

Í verkum Önnu er hljóðheimurinn oft víðfedmur og gjarnan innblásinn af framvindu og hlutföllum í náttúru og landslagi. *Metacosmos* er að hennar sögn samið í kringum náttúrulegt jafnvægi fegurðar og óreiðu, hvernig sannfærandi heild getur komið saman úr því sem virðist við fyrstu sýn sundurleitt og óreiðukennt. Kveikjan að verkinu er eins konar myndhverfing, þar sem hugmyndin um að falla í svarthol – hið ókunna – liggur til grundvallar með óteljandi samsetningum andstæðra afla sem tengjast og eiga í samskiptum sín á milli, víkka út og dragast saman. Þessir ólíku þættir takast á og togast á úr öllum áttum, og maður áttar sig smám saman á því að maður sogast inn í eðliskraft sem maður hefur enga stjórn á.

Árni Heimir Ingólfsson

## Á DÖFINNI



FOS **01** FEB 12:00

### YRKJA – UPPSKERUTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

Yrkja er samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og ýmissa tónlistarstofnana og tónlistarhópa. Verkefnið miðar að því að búa tónskáld undir starf í faglegu umhverfi hjá hljómsveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum. Nú efnir Sinfóníuhljómsveit Íslands til slíks samstarfs í fjórða sinn. Tónskáldin Haukur Þór Harðarson og Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir störfuðu undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskálds, en verk þeirra hljóma fullmótuð á hádegistónleikum Myrkra músíkdaga í Norðurljósum. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímánn Bjarnason. **Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.**



FIM **07** FEB 19:30

### PROKOFÍEV OG BRAHMS


Rússneski píanistinn Denis Kozhukhin er ein skærasta píanóstjarna síðari ára. Hér leikur Kozhukhin hinn glæsilega konsert nr. 2 eftir Prokofiev sem gerir miklar kröfur um tæknilega færni og úthald einleikarans. Atli Heimir Sveinsson fagnaði átræðisafmæli sínu í september 2018 og af því tilefni flytur Sinfóníuhljómsveitin verk hans *Örsmá eilífðarbot*. Á tónleikunum hljómar einnig fjórða sinfónía Brahms undir stjórn Antonio Méndez en hann heillaði áheyrendur upp úr skónum þegar hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands vorið 2016.



LAV **16** FEB 14:00 & 16:00

### PÉTUR OG ÚLFURINN

Bernd Ogrodnik og brúðurnar hans gera söguna um Pétur og úlfinn ljóslifandi og eftirminnilega í barnvænni og fallegri uppfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Halldóru Geirharðsdóttur. Bernd er einn fremsti brúðugerðarmeistari heims og hefur sýning hans á Pétri og úlfinum farið sigurför víða um heim enda töfrum líkust. Fyrsti þáttur *Leikfangasinfóníunnar* með unga einleikara í fararbroddi og hið geysivinsæla *Bolero* eftir Ravel hljóma einnig á tónleikunum undir stjórn Maxime Tortelier.



FIN 14 MAR 19:30

### 2 SINFÓNÍUR OG TOKKATA: NÝ ÍSLENSK HLJÓMSVEITARVERK

Tvær nýjar símfóníur hljóma á þessum tónleikum sem helgaðir eru nýrri og nýlegri íslenskri tónlist. Þorsteinn Hauksson hefur um árabíl verið búsettur á meginlandi Evrópu og hefur þrívægis verið tilnefndur til Tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs. Símfónía hans nr. 2 (2014) er í átta stuttum köflum sem kallast á við japanskar haikur þar sem dregin eru upp flóktandi hugskot og hugdettur.

John Speight hefur starfað sem tónskáld, söngvari og kennari á Íslandi síðan hann fluttist til landsins árið 1972. Hann hefur samið langt í 200 tónverk af ýmsum stærðum og gerðum, meðal annars konserta og símfóníur. Þegar Símfóníuhljómsveitin frumflutti sellókonsert hans árið 2014 komst einn gagnrýnandi svo að orði að verkið hefði verið „mögnuð upplifun“. Fimmta símfónía Speights er samin á árunum 2009–2016. Hún skiptist í fjóra þætti og þrjú millispil sem tileinkuð eru minningu um kæra vini tónskáldsins.

Tokkata eftir Karólínu Eiríksdóttur er nokkuð eldra verk, kraftmikil tónsmíð samin fyrir Orkester Norden árið 1999. *Illumine* eftir Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskáld Símfóníunnar, var samið árið 2016 fyrir hinn víðfræga franska tónlistarhóp Ensemble Intercontemporain.

Hljómsveitarstjórinn Anna-Maria Helsing hefur náð frábærum árangri á tónleikum sínum með Símfóníuhljómsveit Íslands og hún er vel kunnug íslenskri tónlist, stjórnaði meðal annars flutningi á óperu Karólínu, *Magnus Maria*, víða á Norðurlöndum fyrir fáeinum árum.

Þessir tónleikar eru ómissandi fyrir þá sem vilja fylgjast með hinu nýjasta í íslenskri tónsköpun.

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

31. JANÚAR 2019

## 1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Laufey Jensdóttir  
Laura Liu  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Andrzej Kleina  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir

## 2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares  
Peter Andreas Nielsen  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Christian Diethard  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Þórdís Stross  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Roland Hartwell  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Gregory Aronovich  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Lucja Koczo  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Þórarinn Már Baldursson

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Júlía Mogensen  
Lovisa Fjeldsted  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Borgar Magnason  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Úlfar Ingi Haraldsson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Melkorka Ólafsdóttir  
Björg Brjánsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Sandra Simón Monje  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grimur Helgason  
Ármann Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Leendert Booyens  
Bryndís Þórsdóttir  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir  
Brjánn Ingason

## HORN

Asbjörn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Frank Hammarin  
Guðmundur Andri Ólafsson

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

David Bobroff, tenor túba  
Benjamin Ordaz

## HARPA

Katie Buckley

## CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Kjartan Guðnason  
Pétur Grétarsson  
Helgi Þorleiksson

## MIDI HLJÓMBORÐ

Helga Bryndís Magnúsdóttir

## HARMÓNÍKA

Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*

Grimur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**21. FEB** 19:30

# DANÍEL OG PEKKA VORBLÓTIÐ

**Daníel Bjarnason** hljómsveitarstjóri

**Pekka Kuusisto** einleikari

**Arvo Pärt**

Fratres

**Daníel Bjarnason**

Fiðlukonsert

**Igor Stravinskij**

Vorblót

Tónleikakynning kl. 18:00

**F**lutningur Vorblóts Stravinskíjs á Íslandi telst ávallt stórvíðburður, ekki síst þegar Íslenskur hljómsveitarstjóri er við stjórnvölinn. Daníel Bjarnason hefur á síðustu árum fest sig í sessi sem einn fremsti tónlistarmaður landsins. Fiðlukonsert hans var saminn fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Fílharmoníuhljómsveitina í Los Angeles, sem frumflutti verkið á útisviðinu Hollywood Bowl fyrir yfir 15 þúsund manns. Verkið hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og sama gildir um innblásinn leik finnska fiðlusnillingsins Pekka Kuusisto sem fer svo sannarlega ótroðnar slóðir, en verkið er samið sérstaklega með hann í huga.




**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI** SINFONIA.IS

Míðasala í Hörpu

sinfonia.is

harpa.is

528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**